

Hluthafafundar SKEL fjárfestingafélags hf. haldinn þann

4. nóvember 2025

Tillögur fyrir hluthafafund félagsins þann 4. nóvember 2025:

A. Tillaga um fundarstjóra - DAGSKRÁRLIÐUR 1

Lagt er til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri fundarins.

B. Tillaga að ráðstöfun hagnaðar félagsins - DAGSKRÁRLIÐUR 2

Stjórn félagsins leggur til að arðgreiðsla til hluthafa að fjárhæð kr. 3.000.000.000, sem átti að fara fram þann 20. október 2025 samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins þann 6. mars 2025, fari þess í stað fram þann 5. nóvember 2025. Tillaga stjórnar felur það í sér að arðsréttindadagur og arðleysisdagur samkvæmt ákvörðun aðalfundar séu óbreyttir.

Greinargerð með tillögu:

Á aðalfundi SKEL þann 6. mars 2025 samþykktu hluthafar að greiða út arð til hluthafa á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 að fjárhæð 6.000.000.000 kr., og skyldi arðurinn greiddur út í tveimur greiðslum. Fyrri hluti arðgreiðslunnar, að fjárhæð 3.000.000.000 kr., skyldi koma til greiðslu þann 20. mars 2025 (útborgunardagur). Sú greiðsla hefur þegar farið fram.

Samkvæmt framangreindri ákvörðun hluthafafundar þann 6. mars 2025 skyldi síðari arðgreiðslan, að fjárhæð 3.000.000.000 kr., verða greidd út til hluthafa þann 20. október 2025 (útborgunardagur). Samkvæmt ákvörðuninni skyldi réttur hluthafa til arðgreiðslunnar, sem greidd yrði út þann 20. október 2025, miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 14. október 2025 (arðsréttindadagur). Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hæfust með bréf félagsins án réttar til síðari hluta arðgreiðslu, var samkvæmt ákvörðuninni þann 13. október 2025.

Í 3. mgr. 101 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög segir: „Gjaldtagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin“. Ef áður ákveðin arðgreiðsla færi fram þann 20. október 2025 færi hún fram utan framangreinds sex mánaða frests samkvæmt 3. mgr. 101 gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Með vísan til 2. mgr. 76. gr. laga um hlutafélög telur stjórn sér því ekki unnt að framfylgja óbreyttri ákvörðun aðalfundar hvað varðar þann hluta arðgreiðslu sem átti að koma til greiðslu 20. október 2025. Þess í stað telur stjórn félagsins rétt að tekin verði ákvörðun hluthafafundar um að síðari hluti arðgreiðslunnar (að fjárhæð 3.000.000.000 kr.), fari fram þann 5. nóvember 2025 í stað 20. október 2025. Samkvæmt tillögunni skal réttur hluthafa til arðgreiðslunnar áfram (líkt og samkvæmt

ákvörðun aðalfundar þann 6. mars 2025) miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 14. október 2025 (arðsréttindadagur). Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hæfust með bréf félagsins án réttar til síðari hluta arðgreiðslu, verður samkvæmt tillögunni áfram (líkt og samkvæmt ákvörðun aðalfundar þann 6. mars 2025) þann 13. október 2025.

Efnislega er tillögu stjórnar fyrir hluthafafundinn þann 4. nóvember 2025 þannig einungis ætlað að hnika til greiðsludegi umræddrar arðgreiðslu, þ.e. frá 20. október 2025 til 5. nóvember 2025 og með því leiðréttu formgallann sem var á ákvörðun aðalfundar að teknu tilliti til ofangreinds ákvæðis laga um hlutafélög.

Reykjavík, 14. október 2025
Stjórn SKEL fjárfestingafélags hf.